

leitar þinglýsingar á, varðar útburðarmál, og tengist hún eigi rétti sóknaraðilja yfir fasteigninni Kirkjuvegi 47 með þeim hætti, að honum sé þörf þinglýsingar. Var þinglýsingar-dómara því rétt að synja þinglýsingar á stefnu þessari, sbr. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Krafa sóknaraðilja, Eysteins Georgssonar, um, að þinglýst verði framangreindum kaupsamningi milli hans og varnaraðilja, Margrétar Völu Grétarsdóttur, er tekin til greina.

Framangreindri kröfu sóknaraðilja um þinglýsingu á áfrýjunarstefnu 29. ágúst 1979 er hrundið.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. október 1979.

Nr. 63/1975. **Bjarni Ólafsson**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Fróðá h/f

(Magnús Óskarsson hrl.).

Veiðiréttindi. Landskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. maí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hann þess,

að staðfest verði, að eignarhluta hans, „tveim þriðju hlutum jarðarinnar Haukabrekku fylgi veiðiréttur í sama hlutfalli, óstaðbundið, í svokölluðum Fróðár- eða Haukabrekkuvaðli og í Fróðárósi við Haukabrekkuhöfða.“ Þá krefst áfrýjandi aðallega málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en hann, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 15. júní 1976. Til vara krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning máls þessa í héraði er bókað í þingbók, sem m. a. lögmaður áfrýjanda undirritaði, að „sérstaklega aðspurður“ byggi lögmaðurinn málsástæður sínar „eingöngu á því, að lög nr. 76/1940, 4. gr., veiti stefnanda réttarstöðu, sem hann ekki hafði áður“. Verður samkvæmt því eigi dæmt um aðrar málsástæður hér fyrir dómi en þá, sem að framan greinir, enda er skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til þess eigi fullnægt.

Í landskiptasamningi þeim, sem eigendur jarðarinnar Haukabrekku gerðu með sér 4. ágúst 1941, var skýrt tekið fram, að hvor eigenda um sig skyldi eiga öll hlunnindi fyrir því landi, sem í hans hlut kom við skiptin. Var sú skipan í samræmi við skýringarreglu 2. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1932 um veiðirétt fyrir sameignarlandi, sem skipt væri. Þegar af þeirri ástæðu, að sameigendurnir sömdu gagnert um veiðiréttindin við landskiptin, svo sem greint var, verður ekki talið, að 2. gr. laga nr. 38/1970, nú 2. mgr. 4. gr. laga nr. 76/1970, hafi haggað þeirri skipan veiðiréttinda, sem gildi milli eigenda jarðarhlutanna, eftir landskipti þessi. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður máls þessa fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bjarni Ólafsson, greiði stefnda, Fróðá h/f, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Landamerkjadómur Snæfellsnes- og Happadalssýslu

7. desember 1974.

Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 5. maí 1973. Munnlegur málflutningur fór fram 23. nóvember sl., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi máls þessa er Bjarni Ólafsson, Geirakoti, Fróðárhreppi.

Stefndi er hlutafélagið Fróðá.

Upphaflega gerði stefnandi þá kröfu aðallega, að staðfest yrði með dómi réttarins, að stefnandi væri vegna jarðarinnar Haukabrekku eigandi að 2/3 þess veiðiréttar, sem jörðinni fylgdi í svokölluðum Fróðárvaðli og -ósi. Til vara krafðist stefnandi þess, að honum yrði dæmdur innlausnarréttur á nefndri veiði gegn greiðslu matsverðs. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Með sérstakri bókun hefur stefnandi nú fallið frá varakröfu sinni í máli þessu að svo stöddu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 20. september 1974, var stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu. Hann krefst nú gjafsóknarkostnaðar úr hendi ríkissjóðs og enn fremur málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Mál þetta er höfðað og rekið fyrir landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur ekki borið árangur.

Jörðin Haukabrekka er talin býli af Fróðárjörð. Liggur hún nú að sjó að nokkru að svokölluðu Fróðárrifi, en þar er um að ræða malarkamb, sem liggur að sjó á nokkuð langri vegalengd frá svonefndum Haukabrekkuhöfða (austan megin) að svonefndum Bugsósi (vestan megin). Áin Fróðá rennur nú til sjávar austan við Haukabrekkuhöfða. Vestan árinna á jörðin Fróðá land að sjó. Áður fyrr rann Fróðá út í sjó vestan megin rifsins um fyrrnefndan Bugsós.

Ágreiningur reis milli eigenda fyrrgreindra jarða, aðallega um eignarrétt að fyrrnefndu Fróðárrifi og rétt til veiði í því sambandi. Dómur féll í þessu ágreiningsmáli í landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 22. júní 1928, þar sem talið var, að allt Fróðárrif vestan frá Bugsósi og austur að Haukabrekkuhöfða tilheyrði jörðinni Fróðá. Þessum dómi mun ekki hafa verið áfrýjað.

Samkvæmt landamerkjabréfi 9. júlí 1930 eru landamerki fyrir jörðina Fróðá og nærliggjandi jarðir þannig:

„Frá Haukabrekkuhöfða er sjónhending í Lagsárminni, ræður hún svo að upptökum, þaðan bein lína að Sauðborgum, þá ræður pitalækur sem myndast undan grjóthrygg heim, er liggur milli Gráborgar og Sauðaborga, úr aurflögum neðan undir hryggnum, alla leið þar til Fróðá tekur við. Þá ræður Fróðá þar til Laungubrekkugil fellur í hana, þá ræður það upptökum, þaðan sjónhending í Miðfell og frá Miðfelli í Moldarmúla. Þá ráða eggjar eða eins og vötnum hallar norður í folahnúk, þaðan sjónhending í rjúkandagil, ræður það svo niður að Fróðá, þá ræður hún niður fyrir Arnarhólstún, þá ráða merkjavörður niður að Fróðá ræður hún svo, þar til hún fellur í Bugsós og hann til Sjóar.“

Árið 1936 braust áin Fróðá fram úr rifinu við Haukabrekkuhöfða. Veiðiréttur í svonefndum Fróðárvaðli (að minnsta kosti að nokkru leyti) og Fróðárósi virðist samkvæmt þessu hafa fallið til jarðarinnar Haukabrekku, er áin braust fram úr rifinu við Haukabrekkuhöfða árið 1936. Er það sá veiðiréttur, sem um er deilt í máli þessu.

Af skjölum málsins er ljóst, að jörðin Haukabrekka var upp úr árinu 1940 í eigu tveggja manna. Landskipti fóru fram á jörðinni Haukabrekku með samningi 4. ágúst 1941. Í honum segir m. a. svo:

„Við undirritaðir Bogi A. J. Þórðarson og Ingólfur Ólafsson, eigendur Haukabrekku, höfum í dag komið okkur saman um

landskifti jarðarinnar Haukabrekku þannig: Að í hlut Boga A. J. Þórðarsonar komi allur sá hluti jarðarinnar, sem liggur vestan beinnar línu, sem dregin er úr stórum kletti (steini) í vörðu, sem stendur suðaustan lögrétt Fróðárhrepps á Haukabrekkuhöfða, og ræður sama beina línan norður yfir Höfðan alla leið í sjó fram.

Ennfremur skal fram tekið, að innifalið er með landi því, sem fellur í hlut Boga A. J. Þórðarsonar, alt hið svokallaða Fróðárvatn (innri vaðall) ásamt þeim hluta úr ánni Fróðá sem jörðinni Haukabrekku tilheyrir og tilheyrir hefir, og á hver um sig öll hlunnindi hvor fyrir sínu landi.“

Í landskiptabréfi þessu er nánar getið um merki þeirra jarðarhluta, sem skipt var samkvæmt framansögðu.

Undir landskiptagerning þennan rituðu áðurnefndir eigendur Haukabrekku og auk þess eigandi Fornu-Fróðár.

Í stuttu máli leiddi það af framangreindum landskiptum, að allt vatn Fróðár, sem áður féll um jörðina Haukabrekku óskipta samkvæmt ofangreindu, fylgdi nú hluta Boga A. J. Þórðarsonar. Þessi jarðarhluti komst síðan fyrir nokkra gerninga í eigu Jóns B. Jónssonar, en með afsali 20. september 1971 seldi Jón B. Jónsson stefnda, hlutafélaginu Fróðá, umræddan hluta Haukabrekku ásamt jörðinni Fróðá með Fróðárkoti, 2/3 hlutum Arnarhóls og Haukabrekkuengi.

Stefnandi máls þessa hefur á hinn bóginn hlotið eignarhluta fyrrgreinds Ingólfs Ólafssonar að jörðinni Haukabrekku.

Stefnandi gaf formlega skýrslu hér fyrir dóminum 24. ágúst sl. Hann kvaðst hafa fest kaup á Haukabrekku (þ. e. hluta Ingólfs Ólafssonar) fyrir ca 20—25 árum. Síðar kvaðst hann hafa keypt jörðina Geirakot, og kvaðst hann búa á báðum jörðunum. Ekki kvaðst hann hafa nytjað neinn veiðirétt á þessum jörðum, eftir að hann hóf búskap, enda var veiðirétturinn þá þegar undanseldur. Stefnandi kvaðst auk þess hafa jarðirnar Fornu-Fróðá og Klettakot á leigu að mestu. Þetta stafaði af því, að jarðir hans, þ. e. Haukabrekka og Geirakot, væru of litlar fyrir búrekstur hans.

Stefnandi var spurður um fyrrgreindan landskiptagerning frá árinu 1941. Hann kvaðst hafa heyrt, að Ingólf Ólafsson hafi vantað gras og Bogi, sem verið hafi efnamaður, hafi viljað ná undir sig veiði.

Stefnandi tók fram, að hann hefði ekki neinar grasnytjar af Fróðá nú, en þær hafi hann hins vegar haft hjá fyrri eiganda,

Jóni B. Jónssyni, og greitt fullt verð fyrir. Hann kvaðst nú nytja Haukabrekku og Geirakot sem eina jörð og hafa í hyggju að sameina þessar jarðir formlega undir nýju nafni.

Helgi Jónsson Kristjánsson, til heimilis að Stekkjarholti 7, Ólafsvík, gaf skýrslu hér fyrir dómi 24. ágúst sl. Hann hefur setið í varastjórn hins stefnda hlutafélags frá því í september 1971. Hann kvað félagið hafa verið stofnað til þess að kaupa og reka fasteign félagsins og stunda fiskrækt á vatnasvæði landareignarinnar. Hann sagði, að grasnytjar fasteignarinnar væru í notkun fyrrverandi eiganda, Jóns B. Jónssonar, samkvæmt sérstöku samkomulagi hlutafélagsins við hann. Hann upplýsti, að fasteign stefnda væri nú notuð þannig, að stefndi sjálfur nytjaði og leigði út allar veiðar, en Jón B. Jónsson hefði grasnytjar. Aðrar nytjar landareignarinnar fari fram samkvæmt ákvörðun stefnda hverju sinni.

Af bréfaskiptum aðilja má sjá, að ágreiningur hefur risið milli þeirra um veiðiréttinn. Í þessum bréfum hélt stefnandi því m. a. fram, að fyrrgreind landskiptagerð frá 4. ágúst 1941 væri varhugaverð og nokkuð auðsjáanlega gerð til þess að sniðganga ákvæði veiðilaga um, að veiðirétt mætti ekki skilja frá jörð.

Hér fyrir dómi byggir stefnandi málssókn sína nú einungis á 2. tl. 4. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Hin tilvitnaða lagagrein hljóðar svo: „Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan . . .“ Bendir stefnandi á, að í eldri lögum (lögum 53/1957) hafi þetta hljóðað svo: „ . . . og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. mgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger“.

Stefnandi telur, að af orðalagi og tilgangi yngri laganna megi ráða, að honum sé nú veittur réttur, sem hann hafði ekki áður, og er stefnukrafan á þessu reist. Telur stefnandi, að hér sé ekki um eignarnám að ræða, heldur aðrar eignaskerðingar, sem löggjafinn megi skipa og hafi skipað, án þess að bætur þurfi að koma fyrir.

Varnir stefnda eru á því byggðar, að 2. tl. 4. gr. laga nr. 76/1970 verði með engu móti skýrður svo, að hann eigi við um landskipti eigenda Haukabrekku, sem fram hafi farið 29 árum áður en lagaákvæðið tók gildi. Stefndi bendir auk þess á, að

krafa stefnanda feli það í sér óhjákvæmilega, að stefndi eigi endurgjaldslaust að láta af hendi veiðiréttindi, en slíkt fari í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómendur hafa gengið á vettvang og kannað hann. Svo sem fyrr er rakið, fóru fram landskipti á jörðinni Haukabrekku þann 4. ágúst 1941. Skiptu þá eigendur jörðinni á milli sín eftir þeim merkjum, sem þar er getið, og gerðu auk þess sérstaka skipan á um veiðirétt og öll önnur hlunnindi, sem jörðinni höfðu fylgt. Við landskipti þessi kom allur veiðiréttur í Fróðá, sem jörðinni fylgdi, í hlut Boga A. J. Þórðarsonar, svo sem fyrr greinir. Virðist ætlunin hafa verið sú að skipta jörðinni fullnaðarskiptum. Samkvæmt meginreglunni í 2. tl. 4. gr. laga nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði, sbr. samsvarandi ákvæði í lögum nr. 112/1941 og lögum nr. 53/1957, sem giltu á þeim tíma, sem hér skiptir máli, mátti við þessar aðstæður ganga út frá því, að hver eigandi ætti veiði fyrir sínu landi, enda verður málflutningur stefnanda ekki skilinn öðruvísi en svo, að skipan umrædds veiðiréttar verði nú eigi vefengd miðað við þessar réttarheimildir (sic).

Svo sem áður er tilvitnað, segir svo í 2. tl. 4. gr. núgildandi lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970: „Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan . . .“ Eins og fyrr greinir, er málssóknin nú einungis reist á því sjónarmiði, að þarna sé opnuð heimild til þess að „rifta ósanngjörnum eða löglausum land- og veiðiskiptum.“

Ekki er unnt að fallast á þessa skoðun stefnanda. Fyrrgreindu lagaákvæði er að vísu ætlað það hlutverk að rétta hlut þeirra landeigenda, sem við skipti hafa farið hálloka í veiðiaðstöðu miðað við það land, sem eftir stendur. Hins vegar er þarna gert ráð fyrir, að menn geti eftir sem áður haft þá skipan á, sem þeir kjósa, með samningum sín á milli. Rök þykja breyta til þess að líta svo á, að umrædd lagagrein hafi í nokkru hróflað við þeim landskiptum, sem fram fóru og fyrr er getið. Við túlkun lagaákvæðisins ber að hafa í huga, að skilningur stefnanda, ef réttur reyndist, kynni að hafa í för með sér eignaskerðingar, sem telja verður, að skýrrar lagaheimildar þurfi til.

Af þessum sökum ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn

kr. 100.000. Sóknaraðili hefur gjafsókn í máli þessu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda hér fyrir dómi, er ákveðst kr. 150.000, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður, kr. 100.000.

Dómurinn hefur bent aðiljum á að leggja fram uppdrátt af þrætustað og ganga frá framlagðri loftljósmynd á tiltekinn hátt. Þessu hefur ekki að öllu leyti verið fullnægt. Undir rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá varakröfu sinni og einskorðað málsástæður sínar. Dómurinn er þeirrar skoðunar miðað við þessar breyttu aðstæður, að þau gögn, sem fyrir liggja í málinu, nægi til þess að kveða upp efnisdóm í málinu. Þess skal getið, að stefnandi hefur nú afmarkað dómkröfur sínar á loftljósmynd þá, sem fyrir liggur í málinu. Loks er tekið fram, að eðlilegt hefur þótt að reka mál þetta samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919, enda þótt fordæmi megi finna um almenna meðferð í sambærilegum tilvikum.

Dóm þennan kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, ásamt meðdómsmönnum Gísla Kjartanssyni fulltrúa og Stefáni M. Stefánssyni borgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Fróðá h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjarna Ólafssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Bjarni Ólafsson, greiði stefnda, Fróðá h/f, kr. 100.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 150.000, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður, kr. 100.000.
